



Fundur í skólaráði Hvolsskóla 14. maí 2020 kl. 11

Mættir: Elvar Eyvindsson, Þórunn Ólafsdóttir, Auður Friðgerður Halldórsdóttir, Ólafur Þór Þórisson, Erla Guðfinna Jónsdóttir, Sigurpór Árni Helgason, Jódís Assa Antonsdóttir og Birna Sigurðardóttir. Erla Guðfinna ritar fundargerð.

Birna setti fund kl. 11:05.

## 1. Skóladagatal 2020-2021.

Til umræðu og kynningar voru skóladagatöl fyrir næsta skólaár; annars vegar 170 daga dagatal en hins vegar 180 daga. Könnun var gerð meðal starfsmanna skólans þar sem drög að dagatölum fylgdu með og eru um 85% starfsmanna fylgjandi 170 daga skólaári. Könnun var einnig lögð fyrir foreldra á svipaðan hátt og er um 74% fylgi með 170 daga skólári. Umræður á fundinum. Nemendur hlynntir 170 dögum – gott að geta farið að vinna sér inn aur á sumrin. Umræða varð um laun t.d. stuðningsfulltrúa í tengslum við þessa styttingu. Birna sagði frá því að síðustu ár stæði öllum til boða að vinna þessa daga sem skólaárið styttist um og á því sumarfrí þeirra aðila ekki að lengjast. Talað var um los sem hefði verið á vorin þegar skólaár var lengra. Rætt um að helst væri þörf á fleiri dögum fyrir foreldra yngstu krakkanna. Leikjanámskeið hafa verið að koma til móts við þá þörf undanfarin ár. Rætt var um að gaman væri að skoða hvort hægt væri að setja upp „lestrar-sumarbúðir í júlí“ til að skerpa á lestri nemenda. Rætt um þann möguleika að bjóða upp á skjólsvistun fyrir verðandi 2. bekk á haustin með verðandi 1. bekk. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda í skólanum í sumar hefur ekki verið farin sú leið ennþá.

## 2. COVID-19 - upplýsingagjöf.

Birna sagði frá því skipulagi sem var í skólanum á tímum COVID-19. Nemendur ánægðir með TEAMS – líkar það form betur en Námfús.

## 3. Mönnun næsta haust.

Kennarar í leyfi næsta vetur og þörf á að ráða inn tímabundið. Erum með umsóknir nú þegar.

## 4. Fyrirlestrar/viðburðir næsta vetur. Styrkur kominn í hús v. kennara.

Setja þarf upp skipulag fyrir haustið – stefnt að fyrilestrum varðandi seiglu og þrautseigju og því að hafa trú á sjálfum sér. Fundarmenn vakandi fyrir mögulegum fyrirlesurum. Samstarf við foreldrafélagið og íþróttafélögin meða annars.

## 5. Önnur mál.

- a) Úrbótaáætlun út frá ytra mati 2017. Skila þarf verkyfirliti í júní. Birna sendir í yfirllestur á fundarmenn.



Hvolsskóli

- b) Rætt um skólaslit og útskrift 10. bekinga. Stungið upp á því að „streyma“ útskriftinni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:10.

Fundargerð send á fundarmenn til samþykkis.